

Siglingaráð

15. fundur

Dags.: 10. apríl 2019, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðný Hrund Karlsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Örn Pálsson (Landssamband smábátaeigenda), Björgólfur H. Ingason (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Gunnar Geir Gunnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Axel Helgason (Landssamband smábátaeigenda) og Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna).

Gestir fundar: Guðmundur B. Agnarsson (Landhelgisgæsla Íslands).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerð 14. fundar Siglingaráðs. (Áþ sendi í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn. Var Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri í Húnaþingi vestra boðin velkomin í hópinn en hún er fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í Siglingaráði.

1. Fundargerð 14. fundar samþykkt.
2. GGG fór yfir verkefni í vinnslu og voru umræður ráðsmanna samhliða.
 - a. Öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip. Ákveðið hefur verið að nota Safety Folder til að halda utan um skjöl og gögn en Verkís vinnur að þessu í samstarfi við vinnuhóp Siglingaráðs, Snæfríði og tengiliði útgerða sem taka þátt í verkefninu. Verkís hefur óskað eftir aðstoð ráðsmanna við þýðingu á texta í viðmóti hugbúnaðarins. Greiddar hafa verið 2 mkr.
 - b. Atvikaskráningakerfi. Verkefnið hefur gengið hægar en áætlað var en klárást vonandi fyrir Sjómannadagshelgina. Búið er að greiða umsamda upphæð fyrir smíðina en reiknað er með einhverjum viðbótarkostnaði. Kerfið verður auglýst rækilega þegar það er tilbúið til notkunar.
 - c. Endurtekning Gallup könnunar sem gerð var fyrir tæpum fimm árum mun fara fram á haustdögum í tengslum við IMO daginn 26. september.
 - d. Stuttmyndir N4 eru langt á eftir áætlun en nú er ætlunin hjá þeim að ljúka við myndirnar fyrir næsta Sjómannadag.
 - e. LHG mun fara innan tíðar í gerð fræðslumyndar um björgun með þyrlu en þær munu miðast við nýju þyrlurnar en styrkur var veittur á síðasta ári.
 - f. Hugmyndir hafa verið um gerð fleiri stuttmynda m.a. um björgunarvesti en það verður skoðað betur þegar myndir N4 eru tilbúnar.
 - g. Ákveðið var að bíða með málfundí á landsbyggðinni en halda í staðin veglega ráðstefnu á IMO deginum sem verði streymt á netinu. HSS sagði frá velheppnuðum fræðslufundi í tilefni af 100 ára afmæli flugs á Íslandi sem haldin var um helgina en þar var fundinum streymt og góð skráning þáttakenda um allt land. Upptakan er til á vef Samgöngustofu. GHK lagði til að keyptur verði „streymisbúnaður“ því það er mun hagkvæmara en að leigja búnað með tæknimanni. GHK ætlað að senda HSS upplýsingar um búnað sem hún hefur reynslu af.
 - h. Auglýsingar. Um 1 mkr. hafa verið notaðar í auglýsingar um öryggismál það sem af er ári m.a. í 200 mílum á mbl.is sem er víðlesið.
 - i. Óskað var eftir hugmyndum um nýjar auglýsingar. Þegar atvikaskráningarkerfið og öryggishandbókin eru tilbúin verður það auglýst rækilega.

- j. Gátlisti fyrir strandveiðisjómenn er nánast tilbúinn. Óskað var eftir góðri mynd af smábát til að hafa á gátlistanum. Gátlistinn verður í pdf formi sem hægt verður að sækja á vef Samgöngustofu og geta aðrir aðilar einnig haft gátlistann aðgengilegan á sínum heimasíðum. Rætt var um dreifingu í tölvupóstum og bréfapósti til að ná til allra strandveiðimanna og helst einnig fjölskyldna þeirra. Samvinna við Fiskistofu er góður kostur þar sem stofnunin gæti þá afhent gátlistann samhlíða veitingu veiðileyfa og einnig eru þeir með netföng allra strandveiðimanna. Lagt var til að halda tölfraði um fjölda þeirra sem sækja gátlista á heimasíðum. Gátlistinn verði jafnvel tengdur Uggla, umsóknakerfi um strandveiðileyfi.
- k. Styrkur til hugvitsmanna verður auglýstur á vefnum í 200 mílum og með auglýsingi í Morgunblaðinu. Leiðbeiningar varðandi umsóknir og úthlutunarreglur eru á vef Samgöngustofu. Rætt var um fyrirkomulagið varðandi afgreiðslu og höfnun verkefna en það er á valdi Siglingaráðs að taka ákvörðunina. Í fyrra urðu eftirmálar vegna höfnunar styrkumsókna í formi stjórnsýslukáru sem Samgöngustofa þurfti að svara fyrir því ekki var ljóst hvar ábyrgðin lægi. Skilgreina þarf ferlið betur m.t.t. ábyrgðar svo það verði gegnsætt og rekjanlegt. Ákveðið var að bæta inn í reglurnar að hægt sé að hafna öllum verkefnum ákveði Siglingaráð það. Samgöngustofa og ráðuneytið munu leggja lokahönd á reglur, m.a. með tilliti til hæfis ráðuneytisstarfsmanna.
- l. Sjóveikiráðstefna sem haldin verður í júlí og styrkt var af öryggisáætlunarfé er á góðri siglingu og upplýsti HS að komnir séu margir áhugaverðir fyrirlesarar.
- Lög og reglugerðir
- m. Endurskoðun á reglugerð um lyf og læknisáhöld í skipum hefur gengið ágætlega en talsverð viðbótarvinna fór hjá hópnum í að skoða sambærilegar reglur hjá nágrannabjóðum og bera saman við IMO reglur. Vænst er að niðurstaða hópsins liggi fyrir með vorinu. Ráðuneytið mun síðan setja nýja reglugerð. ÁÞ og EÓ
- n. Lækningahandbók. Farið verður í gerð nýrrar handbókar þegar vinnu að endurskoðun reglugerðarinnar er lokið.
- o. Krafa í lögum um öryggisstjórnunarkerfi í fiskiskipum. Þegar fyrirmyn dir af öryggisstjórnunarkerfum eru tilbúnar verður hugað að lagasetningu. ÁÞ og EÓ munu fara yfir regluverkið en einhver gögn eru til í ráðuneytinu frá vinnu Björns Freys í skoðun á þessu.
- GGG yfirlagfundinn að loknum umræðum um verkefnin kl. 11:50
3. Rafræn sjókort: BA sagði frá bát sem strandaði þegar siglt var eftir rafrænu siglingakorti sem reyndist hvorki viðurkennt né hafa verið uppfært m.v. leiðbeiningar sjómælinga. Í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um umrætt strand, var bent sérstaklega á þetta atriði. GBA sérfræðingur LHG í sjómælingum heimsótti fundinn til að kynna og ræða um sjókort almennt. Í kynningu GBA kom m.a. fram að rafræn sjókort hafi verið notuð í áratugi samhlíða pappírssjókortunum en mikilvægt er að notaður sé viðurkenndur búnaður til að skanna útgefin sjókort fyrir rafræna kortið. Nauðsynlegt er að skipstjórnarmenn uppfæri reglulega bæði pappírssjókortin og rafræn sjókort í óviðurkenndum búnaði í samræmi við leiðréttингar frá LHG/Sjómælingum sem kynntar í tilkynningum til sjófarenda og gefnar út eftir þörfum u.p.b. 1-2sinnum í mánuði. Þegar notaður er viðurkenndur sjókortabúnaður eru innifalin sjálfvirk leiðréttинг.
- GBA sýndi dæmi um vektorkort og sagði frá m.a. frá SEAMAP kortum sem algeng eru í skipum í dag. Ókostur er að búnaðurinn er keyptur og tengdur um borð en síðan ekki hugað að innfærslu leiðréttингa. Áskrifendur að tilkynningum til sjófarenda fá sendar leiðréttингar. SEAMAP og fleiri aðilar eru einnig með viðurkennd sjókort sem keypt eru af LHG/Sjómælingum ásamt uppfærslum. Rætt var lauslega um sögu sjókortagerðar við Ísland, þróun á búnaði og nákvæmni mælinga. GBA sýndi dæmi um misræmi milli eldri og uppfærðra sjókorta t.a.m. boða sem sést ekki á eldra korti. Fram kom að notað er tvöfalt kerfi í kaupskipum annað hvort pappír og rafrænt eða tvöfalt rafrænt. GBA sagði að rétt rafræn sjókort sé það besta sem hægt er að nota við siglingu skips og að LHG/Sjómælingar vilji mæla meira á svæðum þar sem er mikil starfsemi svo sem farþegaflutningar. ÓR spurði hvort raunhæft væri að setja kröfur um viðurkennd rafræn sjókort í skipum allavega ættu þau að vera í farþegabátum. Niðurstaða umræðu var að fylgja því eftir

í virku eftirliti að sjókort séu uppfærð í skipum. Þetta atriði þarf að vera í skoðunarhandbókum. Athuga þarf hvort lögleiða eigi viðurkennd rafræn sjókort.

Umræðu um verklagsreglur vegna elds í skipum var frestað til næsta fundar.

4. ÁÞ opnaði umræðu um ráðstefnu Siglingaráðs á alþjóðasiglingadaginn þann 26. september n.k. en þema IMO í ár er „Empowering women in the maritime community“. Ákveðið að hafa ráðstefnuna kl. 13 á Grand hótel og sem flesta kvenkyns fyrirlesara. Ráðstefnunni verður streymt. Ásgrímur LHG var kominn með tillögu að upphafsfyrirlesara Rear Admiral Joanna Nunan hjá US Coast Guard til að segja frá reynslu hennar sem konu í „siglingasamfélagini“. ÁÞ lagði til að fá fyrirlesara um sjósókn kvenna fyrr á árum tam. um þuriði formann. Bent var á smábátasjókonu Dóru á Rifi o.fl. starfandi sjókonur, einnig maka sjómanna. ÓR/HSS ætla að athuga hvort hægt sé að sækja upplýsingar í lögskráningarkerfinu um fjölda kvenna á sjó. Í verkefnahóp fyrir skipulagningu ráðstefnunnar fengust ÓR, VV, HS og ÁÞ. Tillögur um fyrirlesara og umræðuefni má senda á vinnuhópinn og voru fulltrúar beðnir um að hafa heimsmarkmið um konur í huga.
5. Önnur mál
 - a. HS spurði um framvindu nýrrar reglugerðar um farþegabáta. EÓ upplýsti að hún væri ennþá í vinnslu.
 - b. HS vakti athygli á vandamálum tengdum lögskráningu á hafnsögubáta en tam. hjá Faxaflóahöfnum fara menn oft á dag milli báta eftir þeim verkefnum sem þeir lenda í.
 - c. HS sagði frá erindi um rafknúin skip sem haldið var hjá Félagi skipa- og bátaáhugamanna og velti því upp hvort verði gerðar kröfur um rafvirkja eða vélstjóra um borð í þeim. HAG upplýsti að vélstjórar væru með víðtæka rafmagnsfræði þekkingu úr náminu.
 - d. BHI vakti athygli á hættum vegna sumra led ljósa sem sjást ekki í nætursjónaukum en slík ljós tam. í möstrum eru ógnun við leitarflug þyrlna LHG. Einnig ef maður í neyð er með slíkt ljós þá nemur nætursjónauki það ekki.
 - e. ÁÞ ætlar að senda dagskrá fundar HTW hóps IMO sem hefst 29. apríl n.k.
6. Næsti fundur verður fimmtudaginn 2. maí 2019. ÁÞ boðar í tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.